

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/20

frá 29. október 2007

um breytingu á ákvörðun 2007/116/EB með tilliti til þess að fjölga fráteknum númerum sem byrja á „116“ (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 5139)

(2007/698/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og þjónustu (rammatilskipun) (1), einkum 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/116/EB um að taka frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi (2) eru teknar frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi. Í viðaukanum við þá ákvörðun er að finna skrá yfir númerin í númeraröðinni og þá tegund þjónustu sem hvert númer er tekið frá fyrir. Heimilt er að aðlaga skrána í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2002/21/EB.
- 2) Uppfæra skal lýsingu á þjónustu sem tengist númerinu 116000. Enn fremur hafa tvær tegundir þjónustu, þ.e. símaráðgjöf fyrir börn og sálræn hjálparlína, verið tilgreindar sem þjónusta með samfélagslegt gildi sem kann að njóta góðs af samræmdum númerum. Af þessum ástæðum skal uppfæra ákvörðun 2007/116/EB og innleiða fleiri frátekin númer.

3) Því ber að breyta ákvörðun 2007/116/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/116/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá og með 29. febrúar 2008 geti lögbært, landsbundið stjórnvald úthlutað númerunum sem bætt er við skrána með þessari ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane Reding

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 23.10.2008, bls. 10.

(¹) Stjútíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 (Stjútíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32).

(²) Stjútíð. ESB L 49, 17.2.2007, bls. 30.

VIDAUKI

Skrá yfir frátekin númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi

Númer	Tegund þjónustu sem númerið er frátekið fyrir	Sérstök skilyrði sem bundin eru rétti til afnota af númerinu
116000	<p><i>Heiti þjónustunnar:</i> Ábendingalína vegna barna, sem er saknað</p> <p><i>Lýsing:</i> Þjónustan a) tekur við símtölum varðandi tilkynningar um börn sem er saknað og beinir þeim til lögreglu, b) veitir leiðsögn og stuðning við þá einstaklinga sem bera ábyrgð á barninu sem er saknað, c) styður við rannsóknina.</p>	Þjónustan sé stöðugt aðgengileg (þ.e. allan sólarhringinn, alla daga vikunnar um allt land).
116111	<p><i>Heiti þjónustunnar:</i> Hjálparsími fyrir börn</p> <p><i>Lýsing:</i> Þessi þjónusta er til aðstoðar börnum sem þarfnast umönnunar og verndar og kemur þeim í samband við þar til gerðar stofnanir og þjónustuúrræði, hún veitir börnum tækifæri til að tjá áhyggjur sínar, ræða mál sem varða þau beint og hafa samband við einhvern í neyðartilvikum.</p>	Ef þjónustan er ekki stöðugt opin (þ.e. allan sólarhringinn, alla daga vikunnar um allt land), skal þjónustuveitandinn tryggja að upplýsingar um það hvenær hún sé opin séu tiltækar almenningi með aðgengilegu sniði og að þegar hringt er í þjónustuna utan opnunartíma fái viðkomandi upplýsingar um það hvenær þjónustan verði næst í boði.
116123	<p><i>Heiti þjónustunnar:</i> Sálræn hjálparlína</p> <p><i>Lýsing:</i> Með þessari þjónustu gefst þeim sem hringja inn færi á að nýta sér mannleg tengsl sem byggjast á því að hlusta án þess að dæma. Hún veitir þeim einstaklingum stuðning sem eiga við einmanaleika að stríða, eru í sálarkreppu eða sjálfsvígshugleiðingum.</p>	Ef þjónustan er ekki stöðugt opin (þ.e. allan sólarhringinn, alla daga vikunnar um allt land), skal þjónustuveitandinn tryggja að upplýsingar um það hvenær hún sé opin séu tiltækar almenningi með aðgengilegu sniði og að þegar hringt er í þjónustuna utan opnunartíma fái viðkomandi upplýsingar um það hvenær þjónustan verði næst í boði.